# MOSFELLINGUR


3. tbl. 6. árg. föstudagur 23. febrúar 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Mosfellingar, sem og aðrir, tala um fátt annað þessa dagana en tengibraut í Helgafellsbyggð

### Umtalaðasta skipulagsmál fyrr og síðar









mosfellingur@mosfellingur.is www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf. Álafossvegi 18, sími: 694-6426 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hilmar Gunnarsson

Blaðamenn: Ágúst B. Linn og

Ruth Örnólfsdóttir

Umbrot og hönnun: Mosfellingur Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 16. mars

### Kominn tími til að tengja?

Gaman að sjá þann fjölda sem hefur skoðanir á tengibrautinni við Helgafellshverfi. Fjölmennir fundir eru afstaðnir hjá bæði Varmársamtökunum og Mosfellsbæ.

Daglega berast nýjar fréttir og þegar þessi orð eru skrifuð gæti allt annað hafa verið uppá teningnum en þegar betta er lesið enda er málið að verða flóknara en Baugsmálið sjálft. Kiarni málsins

einfaldlega sá að við erum að fjölga íbúum of ört. Það hefur auðvitað í för með sér vegtengingar og ýmsa röskun sem verður alltaf óumflýjanleg.

Við eru að tala um að fjöldi Mosfellinga margfaldist á næstu árum. Það eru heilmikil viðbrigði. Bæjarbragurinn breytist og spurning hvort maður fari að hætta að bekkja fólk út í búð.

Annars mæli ég með borgarafundum á vegum bæjarins á tveggja mánaða fresti. Rætt um málefni líðandi stundar og Vignir í Hlégarði býður upp á kaffi og kleinur. Vinnum saman að bættum bæ, hingað til og frá og með.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36 Sími 566 6103

www.isfugl.is



### Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... og enn í dag er bæjarstjórninni boðið á árlegt golfmót hjá golfklúbbnum Kili. Mikið fjör er ávallt á mótinu þar sem reyndir og óreyndir kylfingar koma saman og skemmta sér á golfvellinum. Meðlimir Kjalar taka þátt í mótinu, bæjarstjórninni til stuðnings. Þessi mynd er frá bæjarstjórnarmótinu árið 1988. Mótið var haldið í september og margar misjafnar sveiflurnar sem voru reyndar. Það var ekki gott veður þennan daginn og rigndi mikið á keppendur. Á myndinni má sjá verðlaunahafa mótsins, frá vinstri Guðmundur Davíðsson, Jón Árnason, Jón Friðriksson, Valur Helgason, Kristján Þorgeirsson, Soffía Guðmundsdóttir, Þórdís Sigurðardóttir og Georg Tryggvason.

Myndin kemur úr Mosfellspóstinum









og systkinum fékk ég hnakk. Ég hef geymt öll kortin, skeytin og kveðjurnar sem ég fékk. Það gleður mig mikið nú að lesa þessar kveðjur þegar ég rifja þetta upp og staldra ég sérstaklega við kort frá ömmu minni Svövu sem nú er látin sem



er á þessa leið: "Þetta er innileg ósk frá mér að ánægjan og gleði fylgi þér. Að framtíðin verði þér gjöful og góð og gefi þér perlur í minningarsjóð."







### www.fastmos.is Sími: 586 8080

Kjarna, Þverholti 2 Mosfellsbæ

EINAR PÁLL KJÆRNESTED Löggiltur fasteignasali



### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá 4ra íbúða raðhúsalengju til sölu við Litlakrika 16-22 í Mosfellsbæ. Húsin eru á einni hæð og verða 154 m2 -164 m2 að stærð með bílskúr. Húsin afhendast rúmlega fokheld, þ.e. auk fokheldis, verða útveggir einangraðir og tilbúnir undir sandspartl og þak verður einangrað og rakavarið. Fyrstu kemur fyrstur fær. Verð kr. 30,5 – 32,5 m.

Litlikriki - Raðhús í byggingu



### Jörfagrund - 145,2 m2 einbýli

\*NÝTT Á SKRÁ\* Vorum að fá 145,2 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt sökklum af bílskúr. Húsið SG einingahús, byggt árið 2004. Gott eldhús, stofa, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi og þvottahúsi m/sérinngangi. Jörfagrund er í rólegu og afslöppuðu umhverfi norður Reykjavíkur, með Esjuna í bakgarðinum.

Verð kr. 33,9 m.



#### Tröllateigur 141-150 m2 íbúðir

Til sölu þrjár 150 m2 íbúðir í nýju fjórbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 4ra – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í apríl nk.



### Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

\*NÝTT Á SKRÁ\*

Erum með 236,1 m2 einbýlishús með aukaibúð í kjallara, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílaplan og mikill suðurgarður. \*\*Verð kr. 45,9 m.\*\*



#### Litlikriki 28 – 219 m2 einbýli -fokhelt

Erum með 219,2 m2 einbýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburþaki, með alzink bárujárni. Íbúðin verður 177,0 m2 og bílskúrinn verður 42,2 m2. Húsið afhendist í vor, fokhelt, með grófjafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og þakkantur frágenginn.



### Spóahöfði - 175 m2 raðhús

Mjög fallegt 175 m2 raðhús með bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin er 145,5 m2 með 3 góðum svefnherbergjum, stórri stofu/borðstofu, eldhúsi með fallegir kirsuberjainnréttingu, baðherbergi m/kari og sturtuklefa, stóru sjónvarpslofti og þvottahúsi. Innangengt í 29,6 m2 bílskúr. Þetta er falleg eign á góðum stað í Mosfellsbæ. Verð kr. 42,9 m.



#### Krókabyggð – 108 m2 raðhús

\*NÝTT Á SKRÁ\* Erum með 96 m2 endaraðhús með 12 m2 millilofti við Krókabyggð 26 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 3 góð svefnherbergi, baðherbergi með kari, eldhús og rúmgóð stofa. Gott bílaplan og stór suðurgarður. Eikarparket á stofu og eldhúsi, flísar á baðherbergi og plastparketi á svefnherbergjum. Ný L-laga eldhúsinnrétting og eikar innihurðar. Eignin er til afhendingar strax. Verð kr. 28,7 m.



### Klapparhlíð - 2ja herb.

\*NÝTT Á SKRÁ\* Vorum að fá mjög fallega 65,5 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 18 í Mosfellsbæ. Eikarparket á stofu, eldhúsi, gangi og svefnherbergi, en flísar á forstofu, baði og sér þvottahús. Mjög mikið útsýni er úr íbúðinni til Reykjavíkur. Glæsileg sundlaug, skóli og leikskóli í næsta nágrenni.

Verð kr. 17,9 m.



### Barrholt - 225 m2 einbýlishús

Fallegt 224,7 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundið" 174 m2 einbýlishús í Mosfellsbæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m2 vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglingaherbergi eða aukíbúðarrými. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla. Verð kr. 49,5 m.



#### Lindarbyggð - Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m2 parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlið eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglingaherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílaplan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasölum. Verð kr. 41,8 m.



### Einbýlishús við Varmá

Erum með fallegt einbýlishús í sölu á einstökum stað við Varmána, rétt við Reykjalund. Um er að ræða 166,7 m2 einbýlishús í byggingu með bílskúr. Húsið, sem er tilbúið til innréttinga, er tvílyft timburhús, klætt að utan með aluzink bjárujárni. Einstök 1.500 m2, skógivaxin eignarlóð, með lækjarniðinn á lóðarmörkum. Þetta er eign sem vert er að gefa gaum.



#### Stóriteigur - 180,9 m2 raðhús

Petta er 155,0 m2 íbúð á tveimur hæðum ásamt 25,9 m2 bílskúr við Stórateig 14 í Mosfellsbæ. 4 svefnherbergi, baðherbergi með kari og sturtu, stór stofa, eldhús m/borðkrók og sér þvottahús. Eignin þarnfast endurbóta og frágangs og því tilvalin fyrir "alt mulig" manninn. Finn staður rétt við alla þjónustu.

Verð kr. 32,5 m



### Byggingarlóðir í Mosfellsbæ

\*\*Aðeins nokkrar lóðir eftir \*\* Erum að taka á móti tilboðum í lóðir undir einbýlishús á svæði 3A við Laxatungu í Mosfellsbæ – TILBOÐUM ER SVARAÐ INNAN 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsá og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýlsi-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar.

### Svæðaráðið Mos-Foreldrar stofnað

Þann 27. janúar 2007 var stofnað svæðaráð fulltrúa foreldrafélaga og foreldraráða grunnskóla Mosfellsbæjar.



Svæðaráðið heitir MosForeldrar. Formaður ráðsins er Hreiðar Örn Stefánsson. Margar ályktanir voru gerðar á fyrsta fundi um hin ýmsu málefni, m.a. um skipulagningu vetrarfrís og fjárstyrk til foreldraráðs.



### Skólarnir skoða Gljúfrastein

Síðustu vikur hafa skólar höfuðborgarsvæðisins haldið í námsferðir að Gljúfrasteini, heimili Halldórs Laxness. Skólarnir hafa tekið upp á því að brjóta upp hefðbundna kennslu og skoða sögu og heimili Halldórs í tengslum við lestur á bókum hans. Safnið á Gljúfrasteini býður upp á ókeypis námsferðir fyrir skólabörn á öllum aldri.

### Vegleg gjöf til Reykjalundar

Reykjalundardeild SÍBS, Sjálfsvörn, gaf Reykjalundi eina milljón króna þann 13. febrúar síðastliðinn. Gjöfin kemur sér afar vel og verður notuð til endurnýjunar á sjúkrarúmum á Reykjalundi.



### Atlantsolía í Krikahverfið

Bæjaryfirvöld eru búin að finna lóð fyrir starfsemi Atlantsolíu. Búið er að samþykkja deiliskipulagstillögu þar sem gert er ráð fyrir þessari nýju bensínstöð við gatnamót Krikahverfis og Teigahverfis. Hægt er að kynna sér deiliskipulagstillöguna á vef bæjarins www.mos.is og einnig í þjónustuveri Mosfellsbæjar.

### Enn af tengibraut í Mosfellsbæ

### Óbilgirni sjálfstæðismanna og VG

Það hefur varla farið framhjá neinum sú umræða sem átt hefur sér stað um tengibrautina við Helgafellshverfið og hugsanleg áhrif lagningar hennar á Álafosskvosina og umhverfi Varmárinnar. Varmársamtökin hafa gengið fram fyrir skjöldu til að freista

bess að hafa áhrif á bæjaryfirvöld og leiða þeim fyrir sjónir að nauðsyn beri til vandaðri vinnubragða og stefnumörkunar af hálfu bæjarstjórnar þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við svo viðkvæm svæði. Hafa samtökin ásakað meirihluta sjálfstæðismanna og VG í bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrir óbilgirni í samskiptum í þessu máli. Þegar ferill málsins er skoðaður allt frá vorinu 2006 má sjá að meirihluti sjálfstæðismanna þá og síðar með fulltingi VG hafa engan vilja haft til að skoða þær athugasemdir og varnaðarorð sem fram hafa komið vegna bessarar framkvæmdar.

### Afstaða Samfylkingar

Við vinnslu deiliskipulagsins af tengibrautinni á s.l. vori komu fram mjög alvarlegar athugasemdir og varnaðarorð m.a. frá Varmársamtökunum og Umhverfisstofnun um möguleg skaðleg áhrif tengibrautarinnar á Varmána og umhverfi hennar sem og á Álafosskvosina. Þá strax í maí á s.l. ári lagði Samfylkingin til að þessi varnaðarorð yrðu tekin alvarlega og allar fyrirætlanir um legu brautarinnar yrðu endurskoðaðar í heild sinni og hefur síðan á öllum stigum málsins lagt slíkt hið sama til. Endurskoðun sú sem Samfylkingin lagði til fólst í því að allir hugsanlegir kostir á legu tengingar að Helgafellshverfi vrðu skoðaðir m.a. með tilliti til umhverfisáhrifa, tæknilegra lausna og kostnaðar. Hinir mismunandi kostir yrðu síðan bornir saman á grundvelli rannsókna og athugana sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig. Á grundvelli slíkra rannsókna væri því hægt að beita markvissari mótvægisaðgerðum en ella hvað varðar þann kost sem fyrir valinu yrði. Hvað slíka athugun varðar dugar ekki að mínu mati eigin rannsókn forseta bæjarstjórnar, sem hann nefnir í grein sinni í Morgunblaðinu þann 14. febr. s.l., né það huglæga mat sem meiri-

hluti sjálfstæðismanna og VG hafa beitt í þessu máli.

#### Rök meirihlutans

Meirihluti sjálfstæðismanna og VG telja sig hafa lagt fram haldbær rök fyrir ákvörðun sinni sem að mestu leyti eru fullyrðingar sem ekki standast nánari skoðun og pólitísk fúkyrði í anda þeirra sem eiga vondan málstað að verja.

Lykilorðið í röksemdafærslu þeirra er að tengibrautin hafi verið á aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá því á árinu 1983. Þar með bera allir þeir sem komið hafa að stað festingu að alskipulags frá þeim tíma ábyrgð á málinu. Slík röksemdafærsla er í anda óbroskaðra barna sem segja "Hann byrjaði", "Hann líka". Með slíkri röksemdafærslu er verið að halda því fram að ekkert hafi breyst frá þessum tíma í umhverfi okkar, í viðhorfum eða lagaumhverfi. Að umfang íbúahverfisins og þar með brautarinnar sem því á að þjóna hafi ekkert breyst á þessum árum. Í aðalskipulagi frá árinu 1983 var gert ráð fyrir 200 manna íbúðabyggð í Helgfellslandi, í aðalskipulagi sem tók gildi á árinu 1994 var gert ráð fyrir 200 íbúðum og í gildandi aðalskipulagi sem tók gildi á árinu 2003 er gert ráð fyrir um 800 íbúðum. Í þeim deiliskipulagsáætlunum sem liggja fyrir nú um íbúðabyggð í Helgafellshverfi er gert ráð fyrir ríflega 1000 íbúðum. Deiliskipulagið er nánari útfærsla aðalskipulags og þegar svo alvarlegar athugasemdir og viðvaranir koma upp við vinnslu þess eins og í tilfelli tengibrautarinnar eiga kjörnir fulltrúar ekki að slá hausnum við steininn heldur að vera menn til að endurskoða fyrri ákvarðanir á grundvelli nýrra athugasemda og viðhorfa.

### Ábendingar

Vegna greinar forseta bæjarstjórnar sem jafnframt er oddviti VG í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sem birtist í Morgunblaðinu þann 14. febr. s.l. er rétt að benda á eftirfarandi: Fyrir tíu árum síðan eða 1997, í tíð fyrrum meirihluta vinstri manna, tók gildi umhverfisskipulag Varmársvæðis með Álafosskvos sem hjarta þess. Með þeirri vinnu sem hafði þá staðið í nokkurn tíma var lagður grunnur að stefnumörkun um verndun Varmársvæðisins til útivistar í hjarta bæjarins og uppreisnar Kvosarinnar í menningar- og sögulegu tilliti. Til bessa virðist núverandi meirihluti vera að vitna þegar þeir nefna til sögunnar nákvæmar athuganir á umhverfi Varmár og umfangsmikla kynningu og umræðu meðal bæjarbúa. A.m.k. hafa þeir ekki getað lagt fram nýrri gögn þó eftir þeim væri kallað. Einnig er rétt að benda á að tengibrautin yfir Varmá var felld út af aðalskipulagi í framhaldi af vinnu við umhverfisskipulag Varmárinnar en ekki í tíð núverandi meirihluta. Jafnframt er rétt að fram komi að á núverandi aðalskipulagi sem og á deiliskipulagstillögum Helgafellssvæðis er einnig gert ráð fyrir tengibraut úr hverfinu yfir á Þingvallarveg sem oddviti VG virðist ekki gera sér grein fyrir.

#### Að lokum

Þess verður að krefjast að kjörnir fulltrúar hafi vilja og getu til að efla upplýsta umræðu um málefni bæjarins og hlusta á raddir bæjarbúa við undirbúning mála. Sinnuleysi, offors, blíðmælgi eða rangfærslur allt eftir því hvernig vindar blása hverju sinni er ekki kjörnum fulltrúum sæmandi.

Jónas Sigurðsson Bæjarfulltrúi Samfylkingar.

### Úttekt á möguleikum

Varmársamtökin hafa farið þess á leit við verkfræðistofuna Línuhönnun að gera samanburð á mögulegum valkostum við lagningu tengibrautar að fyrirhuguðu Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. Fyrirtækið hefur tekið þetta verk að sér, en þó með þeim fyrirvara að það

haldi sjálfstæði í málinu og taki ekki þátt í að ganga erinda nokkurs aðila í þeim ágreiningi sem nú er uppi varðandi legu tengibrautar um Álafosskvos. Jafnframt óskar fyrirtækið eftir samstarfi við Mosfellsbæ um aðgengi að öllum gögnum, útreikningum og kortum sem tengjast málinu.

Á kynningarfundi í Hlégarði og



víðar hefur komið fram að það hafi verið niðurstaða sérfræðinga að fyrirhuguð staðsetning tengibrautar væri besti kosturinn. Hinsvegar hefur verið erfitt að fá gögn, forsendur og útreikninga á mismunandi leiðum sem gáfu þessa niðurstöðu.

Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar vísaði til fundargerða bæjarins og bæjarverkfræðingur lýsti því yfir á sama fundi að þeir sem vildu kynna sér þau gögn sem lægju fyrir í málinu væru velkomnir á hennar fund. Varmársamtökin hafa því enga ástæðu til annars en að gera ráð fyrir að bæjaryfirvöld liðki fyrir úttekt sem framkvæmd er af hlutlausum fagaðilum.

Varmársamtökin vilja leggja sitt af mörkum til þess að þróa leiðir til að gera hinum almenna bæjarbúa kleift að bera saman mismunandi möguleika varðandi staðsetningu tengibrautar. Að fleiri verðmæti en hagsmunir verktakans og fjarlægð verði teknir inn í slíka úttekt. Það er ósk okkar að bæjaryfirvöld og umhverfis- og tæknisvið bæjarins styðji við slíka úttekt með ofangreindum hætti. Það hlýtur að vera markmið allra að tryggja fagleg vinnubrögð og að ólíkir hagsmunir séu vegnir og metnir á sanngjarnan máta.

F. h. Varmársamtakanna Gunnlaugur B. Ólafsson

### LÖGREGLUFRÉTTIR Fréttir líðandi stundar úr dagbók lögreglunnar

TÍMABIL 29. JAN. - 16. FEB.

#### Fíkniefni

Tvö fíkniefnamál komu upp þar sem hald var lagt á fíkniefni.

Fimm innbrot voru á þessum tíma í heimahús. Í þessum þjófnuðum var stolið umtalsverðum verðmætum. Skelfilegast var það þegar talsverðu magni af skotvopnum var stolið. Þetta vekur ugg í brjóstum lögreglunnar því þetta eru langdræg vopn, og stórhættuleg í höndum þeirra sem ekki kunna að fara með þau. Átta innbrot voru framin í nýbyggingar þaðan sem stolið var talsverðu magni af handverkfærum. Af þessum átta innbrotum voru sex framin einu og sömu nóttina á svæði Litlakrika, aðfaranótt 12. feb.

Fjögur umferðaróhöpp urðu á þessu tímabili en sem betur fer varð ekkert eða lítið líkamstjón í þessum óhöppum.

Ökuhraði er enn og aftur áhyggjuefni. Þar erum við að stöðva ökumenn á 115 - 120 og 126 km hraða á Vesturlandsvegi milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þar sem leyfður hraði er 80 km og þá miðað við **BESTU** aðstæður bjart þurrt og stillt veður.

Á föstudaginn brann sumarbústaður við Úlfarsfell skammt frá Skyggni til kaldra kola. Þegar lögreglan kom á staðinn var bústaðurinn alelda og þrátt fyrir baráttu slökkviliðs var ekki hægt að koma í veg fyrir það að bústaðurinn brynni allur.

> Með kveðju Lögreglan Mosfellsbæ

### Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar

Sjúkraþjálfun nudd, sjúkra- og slökunarnálastunga

Opnunartími: mánd.-föstud. kl. 8-18 og kvöldopnun. Möguleiki á að koma fyrirvaralaust laugard. og sunnud. Ronny og Maria Ericson Karlström

Lilja Steingrímsdóttir kynnir Art of living

### Andið nú djúpt...!

Núna getum við lært að hagnýta okkur öndunina betur og þar með stóraukið daglega vellíðan okkar hér í Mosfellsbænum. Öllum veitir okkur ekki af aukinni orku og jákvæðni í erli dagsins.

Lilja Steingrímsdottir hjúkrunarfræðingur, sem lengst af hefur búið erlendis, kynntist bessari einstöku öndunartækni þar og nú hyggur hún á strandhögg hérlendis - já hún vill kenna okkur að anda betur.

Art of living, er stofnun sem sett var á laggirnar á Indlandi fyrir 26 árum og grundvallar kenningar sínar á ævafornri indverskri yoga-öndunartækni (aiurveda) og kenningum um hvernig fólk getur brotið upp neikvæð mynstur hugsunar og glætt jákvæð form hugsunar sinnar, með því einu að anda rétt!

Það kann að hljóma nokkuð framandlega að með öndun einni saman, sé þetta mögulegt.

Hornsteinn öndunarinnar er kröftug æfing (með því erfiða nafni Sudarshan Kriya) sem hefur róandi áhrif, styrkir líkamann og ónæmiskerfið, líkamsvefir mettast súrefni sem gefur aukna orku. Rannsóknir sem gerðar voru fyrir um tveimur árum sýna, svo ekki verður um villst, mælanlegar jákvæðar líkamlegar breytingar.



þetta lesa: "Enn ein æfingin til að verða fullkominn!" eða: "Þetta er eitthvað fyrir yfirmanninn, hann er alltaf svo draugfúll!"

Ósk Art of Living er í raun og veru sú að þessar æfingar verði öllum aðgengilegar.

Fyrsta öndunarnámskeiðið hefst 1. mars og stendur til 6. mars. Námskeiðin eru frá 19-22 og 10-16 yfir

Allar nánar upplýsingar gefur Lilja Steingrimsdóttir, Fálkahöfða 4, s. 6928302, hjartanslist@yahoo.com





### Komin í gullsölu

Heimildamynd Hjalta "Úrsusar" Árnasonar, Þetta er ekkert mál, hlaut á dögunum viðurkenningu frá útgáfufyrirtækinu Senu. Þar sem myndin hefur farið upp fyrir 5000 eintaka múrinn í sölu veitti Konstantín Mikaelsson, vörustjóri hjá Senu, Hjalta gull eintak af myndinni. Verið er að leggja lokahönd á enska útgáfu myndarinnar. Titill myndarinnar á erlendri grundu verður Larger than life.



### Kyndill og Kjölur á 112 degi

Björgunarsveitirnar Kjölur og Kyndill tóku þátt í hinum árlega 112 degi sem haldinn var 11. febrúar síðastliðinn. Fjölbreytt dagskrá var um allt land hjá viðbragðsaðilum í björgun og almannavörnum. Á höfuðborgarsvæðinu komu björgunarsveitir, lögreglan og slökkviliðið saman í Smáralindinni þar sem kynnt var m.a. sjálfboðastarf og tæki björgunarmanna voru til sýnis.



### Vantar nafn á nýju sundlaugina

Mosfellsbær hefur hafið samkeppni vegna nafnagiftar á nýju sundlauginni í Lækjarhlíð. Bæjarbúar geta sent inn tillögur sínar í Þjónustuver Mosfellsbæjar. Tillögurnar þurfa að berast fyrir 30. mars næstkomandi. Formleg vígsla sundlaugarinnar er fyrirhuguð á sumardaginn fyrsta, 19. apríl.





### Tilnefning til vefverðlauna

Heimasíðan leirvogstunga.is komst í úrslit íslensku vefverðlaunanna á dögunum. Vefurinn var tilnefndur í tveimur flokkum. Flokkarnir voru besta útlits- og viðmótshönnunin og besti stofnunar- eða fyrirtækisvefurinn. Aðstandendur vefsins voru þrællukkulegir með tilnefninguna enda mikið lagt í hann. Á vefnum má finna margvíslegar upplýsingar um hið rísandi hverfi í Leirvogstungu.



### Endurbætt aðstaða og nýr starfsmaður

Handavinnustofan í þjónustumiðstöðinni á Hlaðhömrum hefur verið stækkuð til muna og er opin alla virka daga kl. 13-16. Nýlega var bætt við starfsmanni á handavinnustofu, Soffíu Árnadóttur, sem er grafískur hönnuður og hefur starfað lengi við kennslu. Með þessum breytingum er verið að koma til móts við þá fólksfjölgun sem nú þegar er orðin í bæjarfélaginu.





### Staðið vörð um náttúruna

Helgafellsland er eitt fallegasta og áhugaverðasta byggingalandið á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna nálægðarinnar við Álafosskvosina og náttúruna þar í kring. Mér þykir leitt að enn ríki úlfúð vegna framkvæmda við Helgafellshverfi en sé mig knúinn til að stinga niður penna hér til að freista þess að slá á þann óhróður sem nafngreindir kjörnir fulltrúar og embættismenn Mosfellsbæjar hafa

purft að þola að undanförnu. Þetta fólk hefur dyggilega staðið vörð um náttúruna og umhverfi Varmár og jafnvel sett framkvæmdaaðilum og landeigendum mun strangari skilyrði en lög og reglur kveða almennt á um. Til dæmis stóð upphaflega til að byggt yrði í allt að 50 metra fjarlægð frá Varmá, í samræmi við gildandi lög. Að kröfu bæjarins var fyrirhuguð byggð hins vegar færð 100 metra

frá ánni eins og sést á meðfylgjandi mynd. Þannig hafa framkvæmdirnar í för með sér nýtt útivistarsvæði með göngu- og reiðstígum, enda umrædd landspilda í einkaeign og hefur hingað til ekki verið mjög aðgengileg almenningi.

Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóra Helgafellsbygginga



### Listanámskeið

Myndlistarskóli Mosfellsbæjar býður upp á eftirfarandi námskeið sem einkum eru ætluð eldri borgurum bæjarins (60 ára eða eldri).

Námskeið 1 og 2 gætu farið fram í mars, en nánari dagsetningar liggja ekki fyrir:

### Námskeið 1

Litablöndun-litafræði. Leikur með liti. Einu sinni í viku, þrjár vikur alls, frá kl. 10-12.

#### Námskeið 2

Teikning, undirstöðuatriði, einnig í

þrjár vikur, einu sinni í viku í kl.10-12. **Námskeið 3** 

Myndsköpun. Tilraunir og leikur með mismunandi tækni. Einskonar framhald af fyrri námsskeiðum.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma hjá Ásdísi Sigurþórsdóttur sem verður kennari á námskeiðunum. Sími skólans er 566-8710, farsími Ásdísar er 663-5160. Námskeiðin verða haldin í gamla Álafossverksmiðjuhúsinu í Álafosskvos, uppi á annarri hæð, lyfta er í húsinu.

### **ELDRI BORGARAR**

#### Ferð til Þorlákshafnar

Farin verður ferð til Þorlákshafnar á vegum félagsstarfsins, þann 20. mars. Lagt af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Skráning hjá forstöðumanni í síma 868014.

### **Tenerife**

Búið er að taka frá 15 íbúðir á Tenerife, á hótel Gala, 12.- 26. sept. (Sjá bækling Sumarferða), fyrir Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ. Uppl. og skráning hjá Svanhildi í síma 5868014 og 6920814.



Tengibrautin í Helgafellsbyggð - stærsta mál í stjórnsýslu bæjarins

# Mikill áhugi á skipulagsmálum



Gunnlaugur B. Ólafsson varaformaður Varmársamtakanna, Eyþór Eiríksson og Marteinn Magnússon bæjarfulltrúi Framsóknar rýna í teikningar. Þær hanga nú uppi í Kjarna fyrir þá sem vilja kynna sér málið betur



Guðjón Jensson og Jón Baldvin Hannibalsson í samræðum að Ioknum fundi í Hlégarði



Hluti bæjarstjórnar. Hanna Bjarmars, Jónas Sigurðsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Karl Tómasson og Marteinn Magnússon



Jón Baldvin heldur ræðu í Þrúðvanai





Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir forseti skáksambands Íslands og Ögmundur Jónasson alþingismaður



Umræður að fundi loknum

### **ORĐIĐ ER LAUST...**

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is



### Fræðandi fundur

Langaði bara að koma á framfæri þakklæti til bæjaryfirvalda fyrir kynningarfundinn í Hlégarði. Mjög fróðlegt að fá að fylgjast með framvindu mála og greinilega ekki rétt mynd sem dreginn hefur verið upp af málinu í fjölmiðlum að undanförnu af annars fámennum en áberandi hópi.

Íbúi í Ásahverfinu



### Heimasíðvandamál

Sæl verið þið Mosfellingar. Mig langar að ko ma á framfæri einu örlitlu máli. Ég hef verið að skoða heimasíður bæjarins. Ég hef tekið eftir því að inn á síðu Mosfellsbæjar, mos.is, virðist vera heldur erfitt að komast í netföng starfsmanna. Mig langaði að koma bréfi til skila en vissi ekki númerið og fann hvergi stað sem sýnir netfangaskrá. Þá hef ég líka skoðað síður á borð við leirvogstunga.is og skil vel af hverju sú síða var tilnefnd til vefverðlaunanna. Síðan er algert afbragð og virkilega vel hönnuð. Þá er líka svolítið skondið hversu vel svona heimasíður eru uppfærðar. Á einni síðu sem ég fer reglulega inn á, er aldrei neitt búið að uppfæra hana. Eða lítið að minnsta kosti. Sú síða er kjalarnes.is. Ég er bara farin að velta fyrir mér hvort það gerist bara aldrei neitt á nesinu. Ég veit vel að þar býr kraftmikið fólk og það hlýtur einhver að geta tekið að sér að halda svona síðu uppi. Koma með fréttir af lífinu þarna svo maður geti fylgst með gömlum vinum þarna uppfrá.

Tökum til í vefheiminum, og reynum að gera hann betri.

> Með kærri kveðju, Ástrún

### Oheiðarleg og villandi | Gjaldfrjáls leikskóli umræða á köflum

fyrirhugaða tengibraut inn í Helgafellshverfi sé að fara út fyrir öll velsæmismörk.

Rangfærslurnar eru orðnar æði áberandi en alvarlegastar eru þó þær persónulegu árásir sem Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar, verður fyrir

í öllum fjölmiðlum og umræðum um þetta mál. Um það ætla ég að tjá mig í bessum pistli.

Pólitískum andstæðingum Vinstrigrænna er tíðrætt um forsetastól Karls Tómassonar og að hann hafi verið keyptur dýru verði. Hanna Bjartmars, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, kemur m.a. nokkrum sinnum inná þetta í grein sinni í Mbl. Þetta er vægast sagt óheiðarleg framganga gegn Karli hjá Hönnu. Henni er fullkunnugt um að Karl sóttist aldrei eftir einu eða neinu í viðræðum S-, B-, og V-lista eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Henni er einnig fullkunnugt um að sú tilllaga að hann yrði forseti bæjarstjórnar var frágengin þegar oddviti B-listans ákvað að slíta viðræðum eftir karp hans og oddvita Samfylkingarinnar um hvor þeirra ætti að gegna embætti bæjarstjóra. Þarna er hart fram gengið og með ólíkindum hjá Hönnu Bjartmars bæj-

Fyrrverandi ráðherra Jón Baldvin og þingflokksformaður Samfylkingarinnar Össur Skarphéðinsson hafa einnig tjáð sig um málið og sjá báðir ástæðu til að nefna hárgreiðslu Karls og feluleik á bakvið gardínur, hvað gengur bessum mönnum til?



Árni Matthíasson blaðamaður og tónlistargagnrýnandi hjá Mbl. í áratugi segir orðrétt "Þaðer svográglettni örlaganna að Gildrumaðurinn Karl Tómasson sé einn helsti fjandi menningarlífsins í kvosinni, nú orðinn forseti bæjarstjórnar."

blaðamaðurinn og listargagnrýnandinn ekki að Karl Tómasson hefur staðið fyrir einum fjölmennustu tónlistar- og menningaruppákomum sem haldnar hafa verið í Álafosskvos þar sem fram komu margir af okkar færustu og þekktustu tónlistarmönnum?

Þeir eru ekki margir einstaklingarnir í Mosfellsbæ sem hafa lagt eins mikið af mörkum og Karl til að auðga tónlistarlífið í bænum.

Karl Tómasson leiddi Vinstri-græn til glæsts sigurs í síðustu bæjarstjórnarkosningum, hann er ekki hræddur við að taka ákvarðanir og það er kostur sem góður stjórnmálamaður þarf að hafa. Hann er sanngjarn og viðræðugóður maður sem auðvelt er að nálgast og gott að vinna með.

Karl Tómasson kom fyrst að málefnum tengibrautarinnar fyrir átta mánuðum og allflestir vita að þá var Helgafellsbyggðin komin á fræmkvæmdarstig og erfitt að grípa í taumana án verulegs skaða fyrir bæjarfélagið. Öll hans framganga hefur verið málefnaleg og heiðarleg, ég held að tímabært sé að fleiri fari að taka sér það til fyrirmyndar.

> Elísabet Kristjánsdóttir formaður umhverfisnefndar

### Kynningarfundurinn í Hlégarði

Kynningarfundurinn byrjaði mjög vel, framsögumenn kynntu mál sitt eins vel og þeir gátu.

En þá er það góða næstum upptalið. Formaður skipulags- og byggingarnefndar var í besta falli loðin í sínum svörum við spurningum utan úr sal og sagðist þreyttur á að svara, þá tók bæjarstjórinn við í dapurlegri tilraun til að halda andlitinu. En annað kom á daginn, og lengi gat vont versnað. Oddviti Vinstri grænna virtist ekki vera í neinu sambandi við þennan fund, frekar en aðra fundi þar sem málefni tengibrautarinnar hafa verið rædd. Oddviti VG virtist halda að fundurinn þyrfti nauðsynlega að vita um nýja hárgreiðslu

hans, sem og að hann gæti dregið gluggatjöldin fyrir þegar honum hentaði. Framlag VG til fundarins var semsagt, ný klipping og gluggatjöld, og fannst mér Haraldur Sverrisson loðinn í svörum fram að innleggi VG. Sorglegustu innkomu fundarins átti þó Ögmundur Jónasson, sem reyndi að verja stöðu VG í bænum og tjáði fundinum að tengibrautinni yrði ekki haggað með öðrum meirihluta í bæjarstjórn. Af öðru góðu við fundinn, Varmársamtökin kynntu sitt mál vel og boðið var uppá kaffi.

> Katrín M. Guðjónsdóttir íbúi í Mosfellsbæ

Frjálst og óháð bæjarblað Mosfellingur kemur næst út 16. mars

# er ekki tímabær

orð sem betur fer, en betta voru skilaboð oddvita Vinstrigrænna í Mosfellsbæ til okkar.

Samfylkingin lagði til við fyrri umræðu svokallaðrar þriggja ára áætlunar, að gert yrði ráð fyrir gjaldfrjálsum leikskóla. Þriggja ára áætlun bæj-

arins er markmiðasetning um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Við gerð hennar er leitast við að vanda forsendur svo hún verði sá rammi til lengri tíma sem ætlast er til.

Samfylkingin lagði til við fyrri umræðu hennar að mörkuð yrði stefna á árinu 2007 um að leikskólinn verði gjaldfrjáls og að sú stefna verði að fullu komin til framkvæmda árið 2010 og verði á rekstrarreikningi þriggja ára fjárhagsáætlunarinnar breytt í samræmi við það. Þessu var frestað til seinni umræðu, og var tillögunni vísað frá á þeim forsendum að hún væri ekki tímabær!

Í stefnuskrá VG fyrir sveitastjórnarkosningar segjast þau vilja að leikskólavistin verði gjaldfrjáls. Að segja að það sé ótímabært að setja gjaldfrjálsan leikskóla sem langtíma markmið lýsir algjöru metnaðarleysi VG í Mosfellsbæ. Herra forseti, hvenær er það þá tímabært ef ekki núna?

Heigulsháttur oddvitans er áberandi, þar sem hann hefur ekki þor til



bess að standa fyrir stefnumálum síns flokks.

Mögulegt er að þessu verði kastað fram í örvæntingu rétt fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar, annaðhvort í formi ávísana eða sem öðru innantómu loforði VG.

Það verður því að segjast alveg eins og er, að VG eru ótrúverðug í sínum málflutningi þar sem stefnumálin brenna upp hvert af öðru. Umhverfismálum var kastað á bálið fyrir forsetastólinn og gjaldfrjálsum leikskóla brennt af ótímabærum ástæðum. Með þessu áframhaldi verður stefnuskrá VG öll komin á sjálfstæðisbálið.

Vinstri græn eru föst í gildru sjálfstæðismanna og geta ekki bent á aðra en sjálfa sig í þessum klúðursmálum, þar sem barnafjölskyldurnar halda áfram að axla byrðarnar. VG dregur taum ójöfnuðar með þessu nýjasta eldsneyti stefnubrennunnar.

Það er nöturlegt að horfa uppá klúðurslegan málfluting oddvita VG þar sem hann hangir í pilsfaldi nýs mentors í pólitík, og nemur þau fræði sem sjálfstæðismenn eru hvað þekktastir fyrir, stefnusjónhverfingar og hentipólitík.

> Baldur Ingi Ólafsson foreldri í Mosfellsbæ

### Ný skipulagsmistök í uppsiglingu Tunguvegur

Á sama tíma og Vinstri Grænir og Sjálfstæðismenn standa fyrir umdeildu jarðraski á bökkum Varmár við Álafosskvos eru þeir að kynna nýja tengibraut milli Holtahverfis og Leirvogstungu sem nefnd hefur verið Tunguvegur.

Tunguvegi (50 km hámarkshraði) er ætlað að leiða hluta af umferð nýja Leirvogstunguhverfisins bvert í gegnum Holtahverfið upp Skeiðholt. Gert er ráð fyrir að af 4.000 bíla sólarhringsumferð fari um 1.500 bílar á sólarhring eftir Tunguvegi en 2.500 bílar eftir Vesturlandsvegi.

Tunguvegur er alveg óþörf framkvæmd og mælir flest gegn framkvæmd hennar. Vegurinn mun þvera bæði Varmá og Köldukvísl og enn á nýverður 50 metra verndarbelti Varmár að engu haft. Það er engu líkara en að meirihluti VG og Sjálfstæðisflokks sé að slá einhverskonar Íslandsmet í jarðraski á bökkum Varmár.

Annað sem mælir gegn þessari framkvæmd er að svo mikilli umferð sé beint framhjá Varmárskóla og Skeiðholti en margir eiga leið þar um til og frá skóla stóran part ársins. Mælingarhafajafnframtsýntaðhljóðmengun verður yfir viðmiðunarmörkum sem mun kalla á mótvægisaðgerðir.

Að mínu mati er mun skynsamlegra að gera góð gatnamót við Vesturlandsveg niður í Leirvogstungu. Allar helstu verslanir og stofnanir í Mosfellsbæ eru í góðri tengingu við Vesturlandsveg þannig að tímasparnaður með akstri um Tunguveg verður lítill.

Það eru því gild rök sem mæla gegn þessari framkvæmd og því full ástæða til að staldra við og hugsa málið uppá nýtt. Varmá er einstök og svæðið meðfram Varmá frá ósum og uppúr á að varðveita staðfastlega. Með góðum göngu-, hjóla-og reiðstígum og vaxandi byggð verður þetta framtíðarperla Mosfellsbæjar. Framkvæmdin er nú í deiliskipulagsferli og full ástæða fyrir íbúa að láta skoðun sína í ljós.

Ingi Már Aðalsteinsson Form. Framsóknarfélags Mosfellsbæjar

# Helgafellsvegur - misskilningur leiðréttur

Mikils misskilnings hefur oft á tíðum gætt í umræðu um fyrirhugaðan Helgafellsveg inn í Helgafellshverfi. Talað hefur verið um hraðbraut, vegurinn liggi í gegnum Álafosskvosina, hverfisvernd Varmár hafi verið rofin o.s.frv. Nýlega var haldinn fjölmenn-

ur fundur í Hlégarði þar sem Mosfellsbær stóð fyrir kynningu á hönnun og útfærslu á Helgafellsvegi. Undirritaður hélt þar framsögu þar sem farið var yfir skipulags- og kynningarferlið ásamt því að útskýrt var með hvaða hætti komið hefur verið til móts við athugasemdir bæjarbúa, einkum Varmársamtakanna. Mig langar hér að gera grein fyrir þremur atriðum sem fram komu í framsögunni fyrir þá sem ekki áttu þess kost að sækja fundinn.

### 1. Kynningar- og samráðsferlið

Bæjaryfirvöld hafa legið undir ámæli að hafa í skipulagsferli Helgafellsvegar brugðist í lögbundnu kynningar- og samráðsferli við íbúana. Staðreyndir málsins eru þessar: Þegar þetta er ritað hafa verið haldnir sex kynningarfundir um skipulag tengivegar og nýs hverfis í landi Helgafells.

- Almennur fundur um tengiveginn og skipulag Helgafellshverfis í tengslum við endurskoðun aðalskipulags 2002.
- Í mars 2005, almennur fundur um niðurstöður um samkeppni um rammaskipulag Helgafellshverfis.
- Í febrúar 2006, almennur kynningarfundur um fyrstu deiliskipulagstillögur í Helgafellslandi.
- Í maí 2006, sérstakur fundur með þeim sem gerðu athugasemdir við deiliskipulagstillögu umrædds tengivegar.
- Nýverið fundur með íbúum Kvosarinnar og nágrennis þar sem hönnunargögn vegarins voru kynnt.
- Öpinn kynningarfundur um hönnun og útfærslu þriðjudaginn 13. febrúar sl. í Hlégarði.
- Auk þessa hafa embættismenn bæjarins afhent og útskýrt gögn og átt samtöl og fundi með fjölda manns vegna þessa máls.

Ljóster að sú kynning og það samráð sem viðhaft hefur verið í þessu máli er langt umfram það sem lög og reglur krefjast um slík mál í stjórnsýslunni.



#### 2. Komið hefur verið til móts við athugasemdir

Mikið hefur verið rætt um að ekki hafi verið hlustað á athugasemdir sem borist hafa og þær virtar að vettugi. Þetta er ekki rétt því útfærsla og hönnun Helgafellsvegar hef-

ur breyst mikið einmitt til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar.

- Tengiveginum hefur verið breytt í tvær safngötur á kafla með 30 km. hámarkshraða. Þetta hefur verið gert til að draga úr fýsileika þess að vegurinn verði tenging út á Vesturlandsveg frá framtíðarhverfum innar í Reykjadalnum. Við þetta mun umferð á veginum verða minni.
- Vegurinn hefur verið færður fjær Álafosskvosinni og Varmánni.
- Annað vegstæði valið sem aðlagast betur að landi og umhverfi.
- Vegurinn lækkaður um tvo metra þannig að ásýnd hans mildast og stoðveggur lækkar og styttist. Stoðveggurinn verður um tveggja metra hár í stað fjögurra eins og áður var áætlað.
- Skipulögð hefur verið lóð fyrir hverfisverslun á svæðinu. Er það gert til að gera hverfið sjálfbærara og við það minnkar umferð íbúa í og úr hverfinu.

Sú mikla vinna sem lögð hefur verið í hönnun tengivegar fyrir ofan Kvosina hefur skilað þeim árangri að kynnt hefur verið lausn sem fellur vel að landi og umhverfi og hefur sem minnst áhrif á íbúa og nærumhverfi.

### 3. Hverfisvernd Varmár ekki rofin

Því hefur verið haldið statt og stöðugt fram að umræddur Helgafellsvegur fari inn á hverfisverndarsvæði Varmár, Þetta er ekki rétt. Samkvæmt aðalskipulagsuppdrætti nær hverfisverndin frá fyrirhuguðu vegstæði að bökkum Varmár. Vegurinn kemur því hvergi inn á hverfisverndarsvæðið. Reyndar er það þannig að sveitarstjórnir ákveða hvort og þá hversu mikið einstök svæði skuli háð ákvæðum hverfisverndar innan sinna sveitarfélagamarka skv. skipulagslögum. En engin þörf hefur verið á að breyta hverfisverndinni í þessu tilfelli þar sem nýr tengivegur í Helgafellshverfi fer ekki og hefur aldrei farið inn á hverfisverndarsvæði Varmár.

Haraldur Sverrisson formaður skipulags- og byggingarnefndar



### Heitt á könnu Kalt í krana Bolti í beinni

Háholt 14 Sími 586 80 40



### Til fróðleiks

Það er mikið skrifað og skrafað um Kvosina þessa dagana og er ekkert nema gott um það að segja. Það er þó alltaf slæmt þegar farið er með rangt mál.

Ég rak á dögunum augun í grein á heimasíðu Varmársamtakanna eftir Guðnýju Halldórsdóttur og Halldór Þorgeirsson sem vakti athygli mína. Þar segir m.a.: "þegar aðalskipulag er samþykkt 1983 var það efst í hugum manna að rífa allt í Kvosinni".

Þetta er hárrétt hjá þeim hjónum og hefur undirritaður einnig bent á þessa staðreynd oftar en einu sinni. Mesta athygli undirritaðs vakti þó útgangspunkturinn hjá Guðnýju og Halldóri þegar þau segja að af þeim sökum hafi ekki nokkrum manni þótt óeðlilegt að hafa tengibrautina en nú sé allt breytt og listaspírur í hverjum glugga. Guðný nefnir ekki umhverfismál og virðist eingöngu hafa áhyggjur af listaspírunum í Kvosinni. Það er ekki gott að átta sig á því hvort í skrifum þeirra megi jafnvel skynja samviskubit en rétt er að benda á að Guðný var á sínum tíma í bæjarstjórn og formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar og Halldór varaformaður menningarmálanefndar. Aldrei á þeim tíma lögðu þau til að hætt yrði við lagningu tengivegarins, hins vegar lagði Guðný fram eftirfarandi bókun ásamt umhverfisnefnd á 6. fundi nefndarinnar 19. apríl árið 2000: "Álafosskvos, niðurrif mannvirkja samkvæmt deiliskipulagi. Umhverfisnefnd sambykkir að beina bví til bæjarstjórnar að þegar verði hafnar viðræður við eigendur húsanna um niðurrif þeirra í samræmi við deiliskipulag, enda eru húsin hættuleg vegna hrunhættu og skort á nauðsynlegum brunavörnum og til skammar fyrir bæjarfélagið."

Á fundi bæjarstjórnar 26. apríl árið 2000 var þessi bókun umhverfisnefndar samþykkt samhljóða.

#### Bókað um aflóga húshræ

Rétt er að benda á að þegar þessi bókun umhverfisnefndar er lögð fram var frá grunni búið að gera upp húsið sem Ásgarður er nú í og þar var rekinn veitingastaður. Hljómsveitin Sigurrós var komin í sundlaugina sem einnig var búið að gera upp frá grunni, Álafossverslunin var á sínum stað í nýmáluðu stóra húsinu og á efri hæðum þess fjöldi listamanna og íbúa. Upp í brekkunni var flest það fólk sem nú er enn að koma sér fyrir og starsemi sinni á laggirnar.

Hefði ekki verið nær hjá Guðnýju og Halldóri á þessum tíma að láta til sín taka vegna hinnar fyrirhuguðu tengibrautar sem þau virðast hafa áhyggjur af þessa dagana? Þá höfðu þau sannarlega tækifæri til þess. Nei, þess í stað bókar Guðný um aflóga húshræ.



Það er með ólíkindum að Guðný, sem sat í heiðurssæti á lista Samfylkingarinnar fyrir síðastliðnar sveitarstjórnakosningar, skuli nú fyrst hafa áhyggjur af tengibrautinni. Nú getur hún ekki bókað gegn henni en hún og hennar maður gátu það á sín-

um tíma sem áhrifafólk í stjórn bæjarins. Rétt er að benda á að síðasta ár Guðnýjar í bæjarstjórn var 2002. Þá var fyrirhugaður íbúðafjöldi í Helgafellslandi ekki 200 eins og hún og félagar hennar í Samfylkingunni virðast nú hengja sig á.

### Óheiðarleg pólitík

Sigrún Pálsdóttir, gjaldkeri Varmársamtakanna, segir: "Framsókn og Samfylkingin í Mosfellsbæ eiga að mínu mati heiður skilinn fyrir að vilja standa með okkur í því að varðveita náttúruperlur Mosfellsbæjar. Þeir sýna pólitíska ábyrgð sem ekki er hægt að segja um forseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar." Burtséð frá innihaldi þessara ummæla gjaldkera Varmársamtakanna þá held ég að það sé ekki gott og vænlegt hjá samtökum sem kenna sig við náttúruvernd að draga sig inn í flokkspólitík. Fram að þessu hef ég ekki séð ástæðu til að nefna að Sigrún Pálsdóttir er í stjórn Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ en tel það nú rétt í ljósi þessara ummæla.

Anna Sigríður Guðnadóttir, formaður Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ, skrifaði einnig á dögunum grein á heimasíðu Samfylkingarinnar. Ég verð að upplýsa Önnu um þrjár rangfærslur í grein hennar. Í Helgafellslandi er ekki gert ráð fyrir 12.000 íbúum, heldur u.þ.b. 3.000. Eins verð ég að benda Önnu á að Varmáin er ekki ein af fáum varmám á Íslandi. Það eru áratugir síðan hún var vörm. Nú er hún köld eins og flestar ár landsins. Varmá fór á sínum tíma á náttúruverndarskrá vegna þess að hún var vörm. Eins nefnir Anna gamaldags skipulag og talar um veg sem teiknaður er inn samkvæmt 23 ára gömlum hugmyndum fólks um skipulagsmál og landnotkun! Þarna er hún eina ferðina en að gefa í skyn að engin fjölgun og þróun hafi átt sér stað frá þeim tíma.

Formaður Samfylkingarinnar og hennar fólk í Mosfellsbæ þarf nú að mínu mati að fara stíga varlegar niður til jarðar í öllu sínum skrifum og hátterni. Eins virðist sem frambjóðendurogbæjarfulltrúarFramsóknarflokks hafi nú skyndilega áhyggjur af tengibrautinni.

Ég vil benda á að þeim fjölgar Mosfellingunum sem eru farnir að heyra sannleikann um tengibrautina og sjá í gegnum hana óheiðarlega pólitík.

Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar og oddviti Vinstri-grænna í Mosfellsbæ



### Krónan styrkir björgunarsveitina

Í síðustu viku afhenti Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Kaupáss, formanni Björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellsbæ ávísun að upphæð 1.200.000 kr. sem var afrakstur söfnunarátaks sem sett var af stað við opnun nýrrar Krónuverslunar í Mosfellsbæ þann 10. nóvember síðastliðinn.

Á meðfylgjandi mynd má sjá, talið frá hægri: Kristinn Skúlason, rekstrarstjóra Krónunnar; Jón Helga Guðmundsson, forstjóra Kaupáss; Ingvar Þór, formann Björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellsbæ og Bent Helgason, varaformann.



### Innbrot í Hlégarð

Óprúttnir þjófar brutust inn í Hlégarð aðfaranótt laugardagsins 17. febrúar. Þjófarnir brutu rúðu til þess að komast inn í kjallaranum og fóru þaðan upp þar sem þeir stálu áfengi. Ekki hefur tekist að hafa upp á þjófunum en málið er í rannsókn hjá lögreglunni.



### Fjölbreytileiki í Álafosskvosinni

Í hinni blómlegu Álafosskyos er starfræktur Tómstundaskóli sem þjónustar bæjarbúa og aðra áhugasama. Skólanum stýrir Helga Jóhannesdóttir í samvinnu við Mosfellsbæ og er þetta 3. önnin sem er nú hafin. Námskeiðin eru margbreytileg þ.á.m. tungumál, garðrækt, handverk og matreiðsla svo eitthvað sé nefnt. Spænsku og enskunámskeiðin eru nú þegar byrjuð en í mars verður nokkuð um helgarnámskeið í handverki. s.s. Silfurleir-Art clay, silfursmíði, leirmótun Terra-cotta, mósaik, ræktun sumarblóma og kryddjurta og rússnesk matargerð. Uppl. gefur Helga í s: 695-6694

## Sögukornið 🌙



### Verslunarstaður eða útræði

Á svo kallaðri Gerðistá eða Blikastaðatá í landi Blikastaða eru garðlög og fornar rústir á sjávarbakkanum. Rústirnar, sem taldar eru frá verslunarstað eða útræði, voru friðlýstar af Þór Magnússyni, þáverandi þjóðminjaverði, árið 1978.

### Heimildir um verslunarstaði

Kristján Eldjárn skrifaði grein í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags árið 1980 sem hann kallaði Leiruvogur og Þerneyjarsund. Í greininni rekur Kristján dæmi úr rituðum heimildum þar sem fjallað er um Leiruvog og Þerneyjarsund sem landtökustaði. Íljós kemur að heimildir um höfn í Leiruvogi eru nær allar frá 13. öld utan ein sem er frá bví rétt eftir 1300. Ritaðar heimildir um höfnina og kaupstaðinn í Þerneyjarsundi ná yfir tímabilið frá því rétt eftir 1300 og fram undir aldamótin 1500. Kristján segir: "Stutt er á milli skipalægjanna gömlu og þar með kaupstefnustaðanna í Leiruvogi (eða Leiruvogum) í Mosfellssveit og við Þerneyjarsund á Kjalarnesi.Má vera að báðir staðirnir hafi að nokkru verið notaðir samtímis, en hitt virðist þó ekki ósennilegt að Þerneyjarsund hafi leyst Leiruvog af hólmi, og kynni það að hafa stafað af nokkru af því að hafnarskilyrði hafi versnað í Leiruvogi vegna bess að áin bar sífellt meira og meira í hann og olli því að hann fór grynnkandi. Hitt er einnig athugandi hvort flutningur frá Leiruvogi til Þerneyjarsunds hafi orðið vegna tilkomu nýrrar skipagerðar sem aðstæður allar á síðari staðnum hent-

### Hefur sjórinn eytt rústum verslunarstaðarins?

Mikil leit hefur verið gerð að minjum eftir hinn forna verslunarstað í Leiruvogi. Slík leit hefur m.a. verið hluti af þeim fornleifarannsóknum sem Jesse Byock fornleifafræðingur hefur stundað á síðustu árum þó þær hafi aðallega beinst að fornleifum á Hrísbrú. Leitin að verslunarstaðnum hefur að mestu einskorðast við það svæði sem í

dag er kallað Leiruvogur. Kristján Eldjárn reyndi í þessu sambandi að beina sjónum manna að Blikastaðatá. Sýnilegar rústir á svæðinu eru ekki miklar, nokkur garð- og tóftarbrot. Í áðurnefndri grein sinni benti Kristján á að minjarnar væru alveg fram á sjávarbakkanum vegna bess að sjór bryti stöðugt landið á þessum stað og hefði líklegast lengi gert. Hann gaf sér að landbrot gæti numið um 5 cm á ári og að miðað við það hefði sjór brotið 35 metra af landinu síðan verslunarstaðurinn lagðist af fyrir 7 öldum. Máli sínu til stuðnings benti hann á stórgrýttan granda eða tanga sem gengur vestur af minjastaðnum og mikið ber á með fjöru og taldi ekki ólíklegt að tangi þessi hafi verið grasi vaxinn á söguöld. Kristján taldi ekkert mæla gegn því að þarna hafi verið "einstaklega geðugur kaupstefnustaður, þurr, sléttur og þokkalegur" með ágætu skipalægi rétt fyrir framan en að búðir kaupmanna sem hugsanlega hafi verið á staðnum séu flestar eða allar komnar í sjó.

### Rústirnar á Blikastaðatá

Kristján Eldjárn lýsti rústunum á Blikastaðatá svo:

"A. Syðra gerðið. Syðst er grjótgirðing (gerði) og hefur verið ferhyrnt, 22 m löng að utanmáli frá suðri til norðurs eða samhliða sjónum. Veggstúfar ganga frá þessum austurvegg og fram á sjávarbakkann, 8-9 m langir, og þar enda þeir og er nú ekki unnt að giska á hversu langir þeir hafa verið í upphafi. Ekki er heldur auðið að vita fyrir víst hvort veggur hefur verið að vestan samhliða langveggnum sem nú sést, eða hvort sjávarbakkinn sjálfur hefur komið í veggjar stað. Slíkt má vera og hefði sparað grjóthleðslu á einn vegg. Inn í gerðinu sjást hellulagnir, sem ekki er gott að átta sig á án rannsóknar. Dyr eru á nyrðri veggstúfnum.

Grjótþústnokkur (byrgi?) er austan við syðra gerðið og líklega svolítil girðing en þetta er óskýrt.

**B. Búðartóft.** Rétt norðan við vestra gerðið er grasi gróin tóft, sem enginn kunnur íslenskum tóftum



mundi hika við að telja mjög líklega búðartóft. Hún snýr þvert á sjávarbakkann og er vesturendinn alveg fram á bakkanum þannig að við sjálft liggur að sjór verði gaflsteinunum skeinuhættur. Búðin er um 9 x 4,5 m að utanmáli en um 6,5 x 2,5 m að innanmáli. Þetta er mjög snyrtileg tóft.

C. Nyrðra gerðið. Um 30 m fyrir norðan búðina er annað gerði úr grjóti eins og hitt, en ekki að öllu leyti líkt því. Best verður því lýst með því að segja að þarna séu tveir grjótveggir í vinkil og er annar um 16 m á lengd og liggur frá sjávarbakkanum upp á landið, en hinn liggur þvert frá efri endanum um 16 m vestur eftir, en hverfur þar og endar ógreinilega. Í horninu milli þessara veggja eru vegsummerki í ferhyrning en ekki svo skýr að auðvelt sé að lýsa.

Íbáðumgerðunumerugrjótveggirnir skýrir vel og ógrónir, en samt þesslegir að talsvert gamlir séu.

**D. Byrgi.** Rétt fyrir norðan nyrðra gerðið er svolítill grjóthlaðinn kofi, að nokkru grafinn í jörð. Má vel kalla þetta byrgi og ef til vill hefur það verið fiskbyrgi. "

Kristinn Magnússon fornleifafræðingur





Meistaraflokkur Aftureldingar í handknattleik er enn taplaus í fyrstu deildinni. Strákarnir fengu Selfyssinga í heimsókn þann 16. febrúar og sigruðu leikinn 27-24. Leikurinn einkenndist af miklli baráttu og með þrautseigju vannst góður sigur. Afturelding er því á toppi deildarinnar eftir þrettán leiki, með fullt hús stiga. Næsti leikur liðsins er í kvöld gegn FH. Leikurinn hefst kl. 19 og verður leikinn að Varmá.

### Nýtt samstarf í lok vinaviku

Vinavika handknattleiksdeildar Afturelingar lauk föstudaginn 16. febrúar. Frábær mæting þótti á vikuna en vikan var skipulögð af yfirþjálfurum deildarinnar, þeim Svövu Ýr og Bjarka. Vegleg pizzaveisla fylgdi eftir öll átökin og við sama tækifæri var skrifað undir samstarfssamning milli handknattleiksdeildar Aftureldingar og Húsasmiðjunnar. Húsasmiðjan verður einn af aðalsamstarfsaðilum handboltans í Mosfellsbæ á næstu árum.









Badmintondeild Aftureldingar kom, sá og sigraði



Deildakeppni Badmintonsambands Íslands 2007, Íslandsmót félagsliða, fór fram í TBR-húsinu fyrir stuttu. Keppnin var skemmtileg og hart var barist í öllum deildum. Alls tóku nítján lið þátt í keppninni í ár. Lið badmintondeildar Aftureldingar í Mosfellsbæ varð Íslandsmeistari í B-deild og var jafnframt kosið prúðasta liðið.


### Hlutu starfsmerki á ársþingi UMSK

Þeim Þorsteini Sigvaldasyni, Bóel Kristjánsdóttur og Halli Birgissyni var veitt starfsmerki

UMSK á nýafstöðnu ársþingi sambandsins. Starfsmerkið fá einstaklingar sem unnið hafa mikil og góð störf fyrir



goo stoff ym sambandið eða aðildarfélög þess. Þorsteinn, Bóel og Hallur hafa um árabil sýnt frábært viðhorf og unnið óeigingjarnt starf í þágu Aftureldingar.



### Sigursæl í sundlauginni Malmö

Embla Ágústsdóttir, sundkona úr ÍBR, gerði sér lítið fyrir og vann til sjö verðlauna á opnu alþjóðlegu sundmóti sem haldið var í Malmö nú á dögunum. Embla sigraði í sex greinum og vann silfur í einni grein. Embla hefur verið afar sigursæl í gegnum árin í sundinu og greinilegt að þarna er á ferð mikil afrekskona.

### Valdimar Leó endurkjörinn

Valdimar Leó Friðriksson var endurkjörinn formaður UMSK

á 83. ársþingi sambandsins fyrir stuttu. Hafsteinn Pálsson sá um að stjórna þinginu sem þótti takast vel og málefni voru afgreidd



hratt. Valdimar hefur verið í stjórn UMSK frá árinu 1997 og sem formaður frá árinu 2000.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. Þverholti 2 Kjarna



### Heyrst hefur...

...að sá leiði miskilningur sé uppi um að Valdimar Leó sé þunglyndur en hið rétta er, eins og flestir vita, að hann er orðinn frjálslyndur.

...að stjörnulið Jako hafi rúllað upp firmakeppni að Varmá á dögunum. Í liðinu voru m.a. Jói formaður, Bjarki Sig, Palli Þórólfs, Jón Andri Finns og Þorkell Guðbrands.

...að handboltastrákarnir okkar hafi fengið óvæntan stuðning í Eyjum þegar Gaythugz og Toilett-gengið birtist óvænt á pöllunum.

...að um húsfyllir hafi verið á styrktartónleikum Varmársamtakanna síðustu helgi

...að Örn Kjærnested "yfirlýstur sjálfstæðismaður" hafi tekið til máls á baráttufundi Varmársamtakanna öllum að óvörum í ljónagryfju í Þrúðvangi

...að kattakvalari gangi laus á Kjalarnesinu sem smeygi tannlæknateygjum upp á skott og fætur kattanna

...að Jóhannes nokkur Sturlaugsson hafi samið vísu í tilefni framkvæmda við Álafoss sem ber nafnið "Varmá vegum skorið"

Varmá vegum skorin vilpa sett í þig svifryk bakka á borið og bræla fyrir mig fyrir skikkan skipulags. Vertu blessuð, blessi þig bæjarráðsins fans.

...að Sigga Bjarna sé ófrísk

...að Baldur Hauks fari með bróður sínum til Finnlands og styðji við bakið á honum í Eurovision

...að ein tillaganna sem borist hefur um nafn á nýju sundlaugina við Lækjarhlíð sé Herlaug, vegna hernaðarleyndarmálanna sem staðið hafa í kringum hana.

...að herrakvöld Lions sé í kvöld, herrakvöld Harðar á morgun

...að Salóme og Valdís séu að fara á kostum í Spaugstofunni

...að næsta sunnudag verði Poppmessa í Lágafellskirkju þar sem Gildran muni leiða söfnuðinn

...að bráðlega verði ráðinn eftirmaður Björns forstjóra á Reykjalundi. Mikill fjöldi hefur sótt um og þar á meðal Jón Ben

mosfellingur@mosfellingur.is

Gestur Valur Svansson er hugmyndasmiður að nýjum gamanþætti

# Þátturinn byggður upp á persónum í bænum



um efnið. Hann tók vel í þetta og við fengum Jón Gnarr með okkur í lið. Það var mikið að gera hjá þeim á þessum tíma og því var hugmyndin sett í salt í smá stund. Í haust fór svo allt að rúlla, handritshöfundur fenginn til þess að vinna úr hugmyndunum og upptökur hófust núna í janúar". Meðal leikenda í þáttunum eru þeir Jón Gnarr, Pétur Jóhann Sigfússon og Jörundur Ragnarsson. Gestur segir að það hafi verið gaman að vinna með Jóni. "Það er nóg að líta á hann, þá er maður farinn

að hlæja". Þættirnir verða tólf alls og ef þeir hitta í mark hjá landanum eru möguleikar á framhaldi. Það verður áhugavert að sjá hvering þættirnir koma út og

> gaman fyrir bæjarbúa að sjá hvort þeir kannist við persónurnar sem þar fram koma."

### Frjálst og óháð bæjarblað Mosfellingur kemur næst út 16. mars

mosfellingur@mosfellingur.is



### eldhúsinu bjá Ellý

### Doritos kjúklingur úr leikskólanum

Ellý Björnsdóttir, matráðskona: "Þann 1. des 2006 var fræðsludagur hjá öllum leik- og grunnskólum bæjarins og þá fengum við starfsmenn eldhúsanna á leikskólunum Hlaðhömrum og Huldubergi það skemmtilega verkefni að elda hádegismat fyrir starfsmenn skólanna. Þar sem það var almenn ánægja með matinn og margir vildu fá uppskrift að réttinum sem við bárum fram, þá er mér sönn ánægja að birta hana hér. Ég hef líka haft þennan rétt fyrir börnin í leikskólanum."

Uppskriftin: Doritos kjúklingur mexíkanskur, fljótlegur og góður

ca. 4 kjúklingabringur eða annað kjúklingakjöt (eldað) 1 krukka ostasósa (mexikönsk) 1 krukka salsasósa ostur 1 poki Doritos snakk Kjúklingabringurnar eru skornar í bita, steiktar á pönnu og kryddaðar eftir smekk. Doritos snakk (aðeins mulið) sett í botn á eldföstu móti. Ostasósan þar ofaná og síðan salsasósan. Síðan eru steiktar kjúklingabringurnar settar þar ofaná og síðan ostur. Sett inn í ofn í ca 20 mín á 200c.



Meðlæti: Hrísgrjón, salat og svo ómissandi að hafa sýrðan rjóma og jafnvel augcamole.





Ingibjörg Jónsdóttir byrjaði sem nemi á Rakarastofu Mosfellssveitar 1981, hún hefur unnið við iðn sína í 26 ár.

### Akureyri-Selfoss Mosfellssveit

Hún er fædd og uppalinn á Akureyri, næstelst fimm systkina og heitir fullu nafni Ingibjörg Jónsdóttir.

Aðspurð segir Ingibjörg að það hafi verið yndislegt að alast upp á Akureyri og hún eigi góðar minningar frá uppvaxtarárum sínum, útiveran hafi átt hug hennar allan og hún var mikið á skíðum, skautum og í sundi sem barn. Einnig hafði hún gaman af því að passa börn og man eftir því að hafa eytt heilu dögunum í Listigarðinum í heimabæ sínum.

Á fimmtánda ári urðu kaflaskil í lífi Ingibjargar þar sem fjölskyldan ákvað að setjast að á Selfossi, hún segir sjálf að þar hafi hún stoppað stutt við en kláraði þar gagnfræðinginn og vann tvö sumur í humar á Stokkseyri. Árið 1977 ákvað hún að læra að verða smurbrauðsdama og lærði það hjá Brauðborg í Reykjavík, samhliða rakaranáminu smurði hún brauð í helgarvinnu í Eden í Hvergerði.

Eftir góða umhugsun ákvað Ingibjörg að flytja sig um set og árið 1981 flutti hún í Mosfellssveitina og byrjaði að læra á Rakarastofu Mosfellssveitar, á námsárunum kynnist hún eiginmanni sínum Ragnari Aðalsteinssyni vélsmíðameistara og eiga þau tvær dætur þær Ragnheiði Gyðu 18 ára starfsmann Eimskipa og Katrínu Rós 17 ára sem er nemi í Borgarholtsskóla, ásamt því að vinna í Bónus í Mosfellsbæ.

Á haustdögum 1984 eftir útskrift Ingibjargar ákváðu Ingibjörg og Ragnar að skella sér á sjóinn og gerðust hásetar á fjölveiðiskipinu Gunnjóni GK 506, túrinn tók þrjár vikur og Ingibjörg var sjóveik allan tímann, hún var fljót að átta sig á því eftir að hafa misst 15 kíló í túrnum að hún vildi halda sig við rakarann.

Ingibjörg á ættir sínar að rekja til Önundarfjarðar og það voru ófáar ferðirnar sem þangað voru farnar til þess að snyrta hár Önfirðinga en það gerði hún í mörg ár.

Í ársbyrjun 1985 festir Ingibjörg kaup á Rakarastofu Mosfellssveitar og breytir nafninu í Hársnyrtistofan Pílus sem er latneskst orð og þýðir hár/þræðir. Pílus hefur verið starfandi nú í 22 ár og starfsmennirnir eru sex. "Það hefur ávallt ríkt góður félagsandi á Pílus og samrýndur hópur sem er dýrmætt fyrir reksturinn" segir Ingibjörg.

Eitt af helstu áhugamálum fjölskyldunnar er að vera saman á snjósleða og oftar en ekki liggur leiðin norður af Skjaldbreiði þar sem veðurblíðunnar er notið, einnig er Ingibjörg dugleg við að skella sér á línuskauta. Fjölskyldan hefur gert mikið af því að ferðast og er stutt síðan að fjölskyldan kom heim úr ferð sinni til Tampa á Flórída.

"Eitt af því skemmtilegasta sem

Fjölskyldumynd tekin í Busch Garden í Tampa á Flórída: Ingibjörg, Ragnheiður Gyða, Katrín Rós og Ragnar



ég hef gert er að fara í skútusiglingu til Bresku Jómfrúreyjanna en þangað fór ég ásamt eiginmanni og vinahjónum. Náttúrufegurðin er engu lík þarna, turkisblár sjórinn og hvítar strendur ... þetta er bara eins og að detta inn í bíómynd, við lærðum að sigla skútunni á milli eyja hjálparlaust og öll aðstaða til skútusiglingar er frábær þarna, það má telja víst að við hjónin reynum þetta aftur."

Ingibjörg er haldin bíladellu á háu stígi og keypti sér Corvette árgerð 1987 vínrauðan með tuskutopp. Það eru ekki margir sem vita það að á yngri árum þá keppti Ingibjörg í sandspyrnu í Skagafirði og sigraði.

Eftir góðan kaffisopa, konfekt og heimabakaðar Sörur spurði ég Ingibjörgu hvort hún vildi segja eitthvað að lokum: "Já" sagði Ingibjörg "ég vil þakka sveitungum og öðrum viðskiptavinum fyrir tryggð við okkur í gengum árin og óska þeim alls góðs í framtíðinni."

Texti: Ruth Örnólfs Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.





### Matarhefðir til forna

Ég er byrjaður að skrifa aftur eftir smá sumar- og vetrarfrí og lofa ég því að hér komi enginn pólitískur áróður fram í mínum pistlum...:)

Núna langar mig aðeins að velta þessu fyrirbæri fyrir mér Þorranum. Þetta er snilldarhefð hjá okkur Íslendingum og við stöndum upp úr hvað það varðar að eiga matarhefðir, það dettur sennilega ekki mörgum þjóðum í hug að bera rolluket á borð sem er súrsað eða kæst og hvað þá afganga sem sláturhús erlendis þurfa jafnan að borga stórfé fyrir að urða eða henda. En þetta er náttúrulega bara gömul hefð sem komst á laggirnar þar sem moldarkofana skorti rafmagn til að kæla og frysta þegar svo bar undir. Þá skaut þessi snilldarhugmynd upp eftir sláturtíð að geyma bara draslið fram á nýja árið í súr eða kæsingu og menn máttu nú ekki við því að vera vandlátir í þá daga enda staðir einsog Pizzabær ekki búnir að opna. Úrræðagóðir Íslendingar redduðu þá bara málinu og því fór sem fór.

En hvaða líkamspartar skildu nú hljóta þau örlög að liggja í súr eða mysu fram yfir desembermánuðinn? Jú, það voru partar af skepnunni sem menn alla jafna lögðu sér ekki til munns nema komnir á aðra tunnu af brugguðum mjöð.

Það voru fleiri skepnur sem hlutu þessi örlög en bara rollugreyin og í dag er sett í sultur eða súr hvort sem það er rolluket eða hvalur (ef menn voga sér að myrða þá göfugu skepnu samkvæmt pappakössunum í Greenpeace) eða aðrar skepnur sem voguðu sér nálagt hungruðum Íslendingum í þá daga. Það sem er enn merkilegra að margra mati er að fólk sé enn tilbúið að borða þennan furðulega mat nú á 21. öldinni og hvað þá að þetta sama fólk sé reiðubúið að borga háar fjárhæðir fyrir vikið. Enda hafa þessar kræsingar orðið frægar í þáttum eins og Fearfac-

ingar orðið frægar í þáttum
eins og Fearfactor þar sem
fólk var ekki
reiðubúið að
svolgra þessu niður
jafnvel fyrir háar fjárhæðir.
Meira að segja fífl einsog
"Steve O" úr Jackass-þáttunum neitaði að bragða á þessu
í einni Íslandsheimsókninni
sinni og hefur hann nú synt í
mannaskít og drukkið hundahland sjálfviljugur en súrs-

aðir hrútspungar og kæstur hákarl voru meira en hann gat látið bjóða sér og afþakkaði pent með hryllingssvip.

Hvort sem fólk
borðar þetta
eða ekki þá
erþettamikilvæg hefð
sem við

verðum að halda í og reyna að minnsta kosti að koma framandi kynslóðum á bragðið, það er ekki bara maturinnheldurfélagsskapurinn sem borramat og þorrablótum fylgir, enda ekki hvenær sem er sem maður getur staupað íslenskt brennivín í góðra manna hópi og bragðað sér á sviðasultu og hrefnurengi. Kannski menn reyni nú að koma með nýjungar í þessa flóru? Hér með væri nú gaman að fá hugmyndir að nýjum þorramat. Í framtíðinni sjáum við kannski rétti einsog "sviðacarpaccio",

hvítlauksmarineraðahrúts-

punga, humarfyllta lunda-

bagga eða hákarlssushi,


hver veit???



### Hugljúfir tónleikar í Hlégarði

Andrea Gylfadóttir og Tríó Kjartans Valdemarssonar héldu tónleika í Hlégarði þann 9. febrúar. Tónleikarnir voru á vegum Tónlistarfélags Mosfellsbæjar en félagið hefur verið ötult í að færa bæjarbúum tónlist frá stofnun þess. Stemmingin var rafmögnuð og rödd Andreu færði hlustendur aftur í tímann undir hugljúfum tónum tríósins. Góð mæting var í Hlégarð og tónleikarnir afar vel heppnaðir á alla staði og Tónlistarfélaginu til sóma.





Eiríkur Hauksson, rétti maðurinn í jobbið?



ALICJA Ég kaus Friðrik Ómar



ARNAR Alveg sama, horfi ekki á þetta



ÁSTA Fannst lögin í ár slöpp, fáum samt stig frá Noregi



ÓMAR Mjög vel, lagið er fínt



**BRYNHILDUR** Líst vel á það



JÓHANNES Já, það er fínt, samt betra að senda Svanna á Pizzabæ













Olga, Bjarni og Heklan







Fjallamaðurinn





















**COURTNEY THORNE** 

BJARKI SIG OG ÖRN INGI SPILA SAMAN MEÐ AFTURELDINGU



### ÖSKUDAGSGLEÐI

























Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

### Liðveisla - starf með fötluðum

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar óskar eftir starfsfólki til að sinna liðveislu fyrir fatlaða. Markmið með liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun og aðstoða þann fatlaða við að sinna áhugamálum sínum.

Liðveisla er bæði fyrir börn og fullorðna og nú bíða nokkrir einstaklingar eftir að fá liðveislu við hæfi.

Um fjölbreytt hlutastörf er að ræða og vinnutíminn er sveigjanlegur. Algengast er að liðveisla sé unnin seinnipart dags, á kvöldin eða um helgar. Störfin henta því vel fyrir námsmenn eða sem aukavinna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga. Í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar um jafnréttismál eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Áhugasamir hafi samband við Unni Erlu Þóroddsdóttur félagsráðgjafa hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða í tölvupósti unnure@mos.is

### Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ Helgarnámskeið í mars og apríl:

\*Rússnesk matarveisla, laugard. 3. mars kl. 11-15, verð kr. 4.500

\*Indversk matarveisla, laugard. 10. mars kl. 11-15, verð kr. 4.500

\*Silfursmíði, 10.-11. mars kl. 10-14, verð kr. 20.000

\*Ræktun sumarblóma og kryddjurta, laugard. 17. mars kl. 13-16, verð kr. 3.500

\*Mósaik, 10.-11. mars og 17.-18. mars kl. 10-15, verð kr. 17.500

\*Leirmótun-Terra cotta, 31. mars-1. apríl og 14.-15. apríl kl. 10-13, verð kr. 23.000

\*Silfurleir-Art clay, 14.-15. apríl kl. 10-16, verð kr. 20.000

Upplýsingar og innritun í símum: 695-6694 og 566-8587

### Íslandsgröfur ehf. Mosfellsbæ

Höfum til leigu í stór og smá verk

Case 695 Super R traktorsgröfu

Leigist til lengri eða skemmri tíma með eða án stjórnanda - Hagstætt verð-

Símar 566 8830 og 896 8916 Tölvupóstur: islandsgrofur@islandsgrofur.is



### Bestu pizzurnar í bænum

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

# MOSFELLINGUR GK Kjarna Pverholti 2 Sími: 534 3424





Skátaverkefnakeppnin Hrollur 2007 var haldin í góðu veðri um miðjan febrúar. Átta lið tóku þátt að þessu sinni og er fjöldi keppenda stöðugt að aukast á milli ára. Hrollur er eingöngu fyrir dróttskáta á aldrinu 15 - 17 ára enda gerir keppnin miklar kröfur til þátttakenda. Dróttskátarnir mættu við Hafravatnsafleggjarann kl. 18 á föstudegi gengu þaðan um 5 km. vegalengd með allt á bakinu uns komið var í skátakálann. Þar gerðu keppendur nákvæmar göngu- og verkefnaáætlanir fyrir komandi keppni. Síðan var tekið til við að tjalda því það að sofa báðar næturnar í tjaldi gefur dýrmæt aukastig. Á laugardagsmorgni hófst síðan keppnin. Liðin gátu valið milli 30 fjölbreyttra verkefnapósta sem voru allt frá því að ganga á topp Úlfarsfells, sjóða hafragraut, síga í björg, prjóna, draga bíl með handafli eða að leysa litla púslþraut.

Í gær var alþjóðlegi skátadagurinn og fagna þeir 100 ára afmæli við það tilefni.



### Litlikriki

Vorum að fá í sölu glæsilegt tveggja hæða rúmlega 330 fm. einbýli með innbyggðum tvíbreiðum bílskúr og möguleika á tveimur íbúðum við Litlakrika í Mosfellsbæ.



### Sími: 588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18 Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047





### Lindarbyggð

Laus við kaupsamning. Afar fallegt og vel skipulagt 182 fm. parhús við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. Húsið er hannað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt. Vönduð gólfefni og innréttingar, Mikil lofthæð. Sólskáli og fallegur garður. Hellulagnir með snjóbræðslu. Topp eign í mjög barnvænu hverfi. Eignin getur losnað strax. **V. 40,5 m**.



### Reykjabyggð

Vorum að fá í sölu glæsilegt 206 fm. einbýli við Reykjabyggð í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Stór bílskúr. Rúmgóð stofa með arni. Tvö baðherbergi flísalögð. Þvottahús flísalgt í hólf og gólf. 5 herbergi. Mjög fjölskylduvænt hús. 40 fm. sólpallur.



### **Dalatangi**

**Nýtt í sölu.** Mjög vandað og vel skipulagt 190 fm. einbýli við gróna og glæsilega götu í Mosfellsbæ. 5 svefnherbergi, 2 snyrtingar og sólstofa. Mjög veglegur garður með sólpalli og skjólveggjum af bestu gerð. Lækur og tjörn í garði og brú yfir. Fallegur gróður. Tré og runnar. Hellulagt bílaplan. Góður bílskúr.



### Álmholt

Nýtt í sölu. Vel staðsett 236,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 48,2 fm bílskúr og aukaíbúð í kjallara. Aðalhæðin skiptist í 4 svefnherbergi, gott baðherbergi, þvottahús, eldhús með góðri innréttingu og rúmgóða stofu. Íbúð í kjallara er kjörin til útleigu. Góður suðurgarður og gótt bílaplan. V. 45,9 m.



### Hjarðarland

Nýtt í sölu. Mjög vandað 304 fm. einbýli með auka íbúð á neðri hæð. 4 góð svefnherbergi. 2 baðherbergi. Tvíbreiður bílskúr. Fallegur garður i góðri rækt.



### Byggðarholt

Vel skipulögð og innréttuð 159 fm íbúð í raðhúsi á tveimur hæðum. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh, fallegt baðherbergi m/hornbaðkari, rúmgott eldhús og sólpall með skjólveggjum. Falleg íbúð. **V. 31,5 m.**